

## **Ályktun foreldrafundar knattspyrnudeildar Stjörnunnar, dags. 15. október 2015**

Á undanförunum árum hafa forsvarsmenn Stjörnunnar átt í viðræðum við bæjarstjórn Garðabæjar um þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á aðstöðu barna og unglinga sem stunda knattspyrnuæfingar í Stjörnunni, þ.m.t. um nauðsyn þess að byggt verði eitt eða fleiri knatthús sem innihalda samtals að lágmarki fullan knattspyrnuvöll. Gríðarlega mikilvægt er að bygging knattspyrnuhúss eða knattspyrnuhúsa eigi sér stað sem allra fyrst í Garðabæ, sérstaklega m.t.t. þess fjölda barna og unglinga sem stunda knattspyrnuæfingar með félaginu en einnig vegna þeirra miklu notkunarmöguleika sem slík hús bjóða uppá fyrir aðra íþrótt- og tómstundaiðkun í bænum.

Fundurinn ályktar að lágmarkskröfur sem gera þurfi um byggingu íþróttahúsa í Garðabæ séu að bæjarstjórn ákveði eftirfarandi með skuldbindandi hætti:

1. Að ráðist verði á árinu 2016 í framkvæmdir við undirlag og lagningu gervigrass fyrir fullan knattspyrnuvöll á Ásgarðssvæðinu og að yfir slíkt svæði verði byggt íþróttahús sem rúmi í það minnsta hálfan knattspyrnuvöll. Að við bygginguna sé gert ráð fyrir stækkanleika hússins þannig að það nái yfir allan knattspyrnuvöllinn.
2. Að að byggingu íþróttahúsa sem samtals rúma í það minnsta fullan knattspyrnuvöll verði lokið innan fjögurra ára í Garðabæ. Verði hús á Ásgarðssvæði ekki stækkað innan þess tíma, verði innan þess tíma byggt annað knatthús sem rúmar fullan knattspyrnuvöll.
3. Að ráðist verði hið fyrsta í endurbætur á núverandi íþróttasvæði Stjörnunnar í Ásgarði, í góðri samvinnu við Stjörnuna, þmt. endurbætur á gervigrasi sem taki mið af lýðheilsusjónarmiðum.